

Nefndarsvið Alþingis
bt. Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. febrúar 2022

Umsögn Blaðamannafélags Íslands um:

Frumvarp til laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu (viðskiptaboð) 170. mál

(Lagt fyrir Alþingi á 152. löggjafarþingi 2021–2022.)

Vísað er til fyrri umsagnar Blaðamannafélags Íslands um samhljóða mál dagsett 1. júní 2021.

Virðingarfyllst,
f.h stjórnar BÍ.



Hjálmar Jónsson, framkvæmdastjóri BÍ

Nefndarsvið Alþingis
bt. Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. júní 2021

Umsögn Blaðamannafélags Íslands um:

Frumvarp til laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu (viðskiptaboð) 694. mál

(Lagt fyrir Alþingi á 151. löggjafarþingi 2020–2021.)

Stjórn Blaðamannafélags Íslands þakkar allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis fyrir að hafa fengið tækifæri til þess að veita um sögn um ofangreint mál. Blaðamannafélag Íslands fagnar því að löggjafinn sé loksins með til umfjöllunar frumvarp sem hefur það að markmiði að draga úr umsvifum Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði og hefur það að leiðarljósi að styrkja rekstrargrundvöll einkarekinna fjölmiðla.

Líkt og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu standa einkareknir fjölmiðlar höllum fæti. Rekstrarumhverfið hefur stórversnað á undanförunum árum vegna stórfelldra breytinga á fjölmiðlamarkaði með tilkomu erlendra efnisveitna, samfélagsmiðla og tæknirisa á borð við Facebook og Google. Tæknirisarnir soga til sín æ stærri hluta af auglýsingafé á íslenskum markaði og íslenskir ljósvakamiðlar mega sín lítils í samkeppni um áskrifendur við alþjóðlega risa á borð við Netflix. Þá má nefna að stöðugt færri eru reiðubúnir að greiða fyrir fréttir eða fréttatengt efni. Þetta, og fleira, gerir það að verkum að rekstrarforsendur fjölmiðla hafa versnað til muna og er svo komið að tvísýnt er um rekstur flestra þeirra.

Þetta breytta umhverfi og neysluhegðun var dregin fram í skýrslu um rekstrarumhverfi fjölmiðla frá árinu 2018 sem unnin var að beiðni menntamálaráðherra. Leiða má líkum að því að rekstrarumhverfið hafi versnað til mikilla muna frá því hún kom fram því samkvæmt nýlegum tölum frá Hagstofu Íslands hafa tekjur íslenskra fjölmiðla dregist enn meira saman frá því skýrslan var gerð og tæknirisarnir taka nú til sín fjórar af hverjum tíu krónum sem íslensk fyrirtæki verja til auglýsinga.


Í skýrslunni eru sjö tillögur. Ein þeirra, stuðningur til einkarekinna miðla, er nú orðin að lögum sem er vel, þótt styrkirnir þurfi að vera hærri og gagnast fleiri miðlum. Önnur tillagan snýr að því að taka RÚV af auglýsingamarkaði, en í því frumvarpi sem hér er til umsagnar er það lagt til. Blaðamannafélag Íslands fagnar því að löggjafinn ræði nú það mikilvæga skref í þágu frjálsrar fjölmiðlunar að taka RÚV af auglýsingamarkaði en leggur jafnframt á það höfuðáherslu að tryggja beri rekstur RÚV með auknum fjárveitingum úr ríkissjóði sem vega muni upp á móti tekjutapi þegar auglýsingasölu verður hætt. Þá er nauðsynlegt að tryggja fjárveitingu til RÚV til lengri tíma, til að mynda 8-10 ára í senn og setja ákvæði inn í

Þjónustusamningur þess efnis. Ennfremur þarf að tryggja sjálfstæði fréttastofu RÚV innan stofnunarinnar, til að mynda með því að girða fyrir það að starfsemi fréttastofu RÚV verði skorin niður, fari svo að fjárveitingar til stofnunarinnar verði skertar.

Blaðamannafélag Íslands vill nýta þetta tækifæri til þess að hvetja löggjafarvaldið til þess að grípa til enn frekari aðgerða í þágu einkarekinna fjölmiðla en þegar hefur verið gert. Beinir styrkir til einkarekinna miðla hafa þegar verið lögfestir, þótt einungis sé um tímabundið úrræði sé að ræða. Nauðsynlegt er að auka það fé sem veitt er til þeirra, endurskoða úthlutunarreglur svo þeir nái til fleiri miðla og gera úrræðið varanlegt. Þá er sú ráðstöfun sem hér er til umfjöllunar, að taka RÚV af auglýsingamarkaði, nauðsynlegt skref í átt til hagfelldara rekstrarumhverfis. Það sem er ekki síður mikilvægt, og gæti skilað einkareknum fjölmiðlum enn meira rekstrarfé en auknar auglýsingatekjur með brotthvarfi RÚV af auglýsingamarkaði, er skattlagning erlendu tæknirisanna. Hvetur Blaðamannafélag Íslands stjórnvöld til þess að leita allra leiða til þess að rétta af þá skökku samkeppnisstöðu sem þar er um að ræða, til að mynda með því að láta skatttekjur renna beint í sjóð sem deilist á einkarekna fjölmiðla. Þá vill Blaðamannafélagið jafnframt hvetja löggjafann til þess að taka til skoðunar allar þær tillögur sem lagðar voru fram í nefnd um rekstrarumhverfi fjölmiðla því ef ekkert verður að gert er raunveruleg hættu á að enn fleiri fjölmiðlar neyðist til að leggja árar í bát en nú þegar er orðið. Ekki þarf að fara mörgum orðum um mikilvægi fjölmiðla í lýðræðissamfélaginu enda er inn á það komið í frumvarpinu sjálfu.

Að sjálfsögðu er fulltrúi félagsins reiðubúinn að komast fyrir nefndina og gera betur grein fyrir afstöðu félagsins sé þess óskað

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar BÍ



Sigríður Dögg Auðunsdóttir, formaður BÍ

Nefndasvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 15. febrúar 2022

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðill í almannabágu (viðskiptaboð), 170. mál.

Samband íslenskra auglýsingastofa (hér eftir „SÍA“) vísar til umsagnarbeiðni allsherjar- og menntamálanefndar um ofangreint mál, dags. 1. febrúar sl. Frumvarpið felur í sér að Ríkisútvarpið yrði tekið af auglýsingamarkaði. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að markmið þess sé að jafna samkeppnisstöðu einkarekinna fjölmiðla gagnvart ríkisreknu fjölmiðlafyrirtæki.

SÍA telur ríka ástæðu til að vekja athygli á hverjar afleiðingar þess að taka RÚV af auglýsingamarkaði yrðu enda þarf að skoða þá ákvörðun í stærra samhengi en einungis með tilliti til einkarekinna fjölmiðla.

Áhrif á samkeppni, auglýsendur og neytendur

Líkt og Gylfi Magnússon, prófessor við hagfræðideild Háskóla Íslands, benti á á dögnum virðist hugmyndin um að taka RÚV af auglýsingamarkaði fyrst og fremst vera hugsuð út frá hagsmunum annarra innlendra fjölmiðla en sú ákvörðun gæti haft talsverð og óheppileg áhrif annars staðar í samfélaginu.

Það er mat SÍA að ef RÚV yrði tekið af auglýsingamarkaði myndi það hafa verulegar afleiðingar á sjónvarpsauglýsingar og neytendur verði af mikilvægum upplýsingum um vörur og þjónustu. Aðrar sjónvarpsstöðvar hafa ekki það áhorf sem þarf til að standa undir kostnaði við framleiðslu og birtingar. Áhorf á fréttir RÚV er rúmlega 22% og vinsælasta efnið á RÚV fer almennt yfir 40% á meðan vinsælasta efni Stöðvar 2 er undir 10% og vinsælasta efni Sjónvarps Símans er undir 5%. Sjónvarpsauglýsingar gegna mikilvægu hlutverki í vörumerkja- og ímyndaruppbyggingu fyrirtækja. Það yrði erfiðara og dýrara fyrir þau að byggja upp virði vörumerkja sinna þegar þau ná ekki augum og eyrum jafn margra. Brotthvarf RÚV af auglýsingamarkaði myndi leiða til verri nýtingar á birtingafé fyrirtækja, hærri kostnaðar og þar af leiðandi hærri vöruverðs. Það sé mikilvægt fyrir auglýsendur að hafa aðgang að sterkum íslenskum miðlum til að byggja upp sín vörumerki og efla samkeppni. Um þetta sagði Gylfi:

„Auglýsingar eru afar mikilvæg leið til að miðla upplýsingum um vörur og þjónustu og fleira og sú miðlun er lykilatriði í samkeppni á markaði. Ef erfiðara verður að koma upplýsingum um vörur og þjónustu til viðskiptavina þá getur það dregið verulega mátt úr samkeppni. Fólk hefur þá bara áfram að kaupa það sem það hefur keypt til þessa. Samkeppni á Íslandi er veikburða fyrir svo að þetta yrði ekki góð þróun fyrir neytendur.“

Það er hagur íslenskra neytenda að auglýsendur nái til þeirra með hagkvæmum hætti en ekki síður að næg fjölbreytni ríki á auglýsingamarkaði og eðlileg samkeppni þrífist.

Áhrif á auglýsingastofur og skapandi greinar

Ákvörðun um að taka RÚV af auglýsingamarkaði mun ekki auka áhorf á aðrar íslenskar sjónvarpsstöðvar. Það þýðir að það fjármagn sem nú fer í auglýsingar á RÚV færist ekki yfir á hinar sjónvarpsstöðvarnar. Líklegasta niðurstaðan er að fjármagn sem nú fer til birtinga á sjónvarpsauglýsingum minnki því framleiðsla á íslenskum sjónvarpsauglýsingum mun dragast saman. Það mun hafa áhrif á auglýsingastofur

og aðrar greinar en fjöldi fólks í mörgum skapandi greinum kemur að framleiðslu íslenskra sjónvarpsauglýsinga, s.s. kvikmyndagerðarfólk, leikarar, stílistar, tónlistarfólk og starfsfólk í eftirvinnslu svo einhver séu nefnd. Það er því ljóst að ákvörðun um að taka RÚV af auglýsingamarkaði mun hafa mikil áhrif á fjölda fyrirtækja og starfa.

Fjölmiðlar á Íslandi hafa veikst vegna tilkomu erlendra fjölmiðla hér á landi og breyttrar fjölmiðlaflóru. Almennur eyðir sífellt meiri tíma á samfélagsmiðlum, í áhorf erlendra streymisveitna, hlustun hljóðvarpa og almenna notkun á netinu. Á þessum miðlum er aðgengi auglýsinga takmarkað og þar sem auglýsingar eru mögulegar er um erlenda miðla að ræða. Á síðustu árum hafa auglýsingar á netinu aukist og þar með fjármagn til erlendra netmiðla (þar af eru Google og Meta/Facebook stærstir). Reynsla erlendis frá sýnir að ef RÚV fer af auglýsingamarkaði munu fyrirtæki í auknum mæli birta auglýsingar gegnum erlendar veitur til að ná til markhópa sinna. Því má búast við að fjármagnið muni að miklu leyti færast út úr landi. Lögð hefur verið fram sú hugmynd að skattleggja eigi þá miðla sem mun leiða til hærri auglýsingakostnaðar fyrirtækja og veikja samkeppnisstöðu þeirra. Sérstaklega á þetta við minni fyrirtæki sem nýta þessa miðla hlutfallslega meira en þau stærri og veikir þannig samkeppnisstöðu þeirra. Sömuleiðis mun það hafa áhrif á íslensk fyrirtæki í markaðssetningu erlendis, s.s. ferðaþjónustu sem nýtir hvað mest erlenda netmiðla til að koma skilaboðum til hugsanlegra kaupenda erlendis.

Brotthvarf RÚV af auglýsingamarkaði mun skaða verulega auglýsendur og neytendur og stuðla að fækkun starfa í framleiðsluiðnaðinum og skapandi greinum. Í stað þess að taka RÚV af auglýsingamarkaði ættu aðgerðir frekar að snúast um að auka styrki til dagskrárgerðar á frjálsum fjölmiðlum.

Með vísan til framangreinds leggur SÍA leggur áherslu á að engar breytingar verði gerðar á stöðu RÚV á auglýsingamarkaði án þess að fram hafi farið ítarleg greining á afleiðingum þess í stærra samhengi en fyrirbyggjandi frumvarp tekur mið af.

Virðingarfyllst,
f.h. SÍA



Guðný Hjaltadóttir, lögfræðingur

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Skrifstofa nefndasviðs
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. febrúar 2022
Tilv.: 2202002

Efni: Umsögn Samkeppniseftirlitsins um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu (viðskiptaboð), 170. mál.

1. Með tölvupósti dags. 1. febrúar 2022, veitti allsherjar- og menntamálanefnd Samkeppniseftirlitinu færi á að gefa umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu, nr. 23/2013. Samkvæmt greinargerð frumvarpsins er meginmarkmið frumvarpsins að jafna samkeppnisstöðu einkarekinna fjölmiðla gagnvart ríkisreknu fjölmiðlafyrirtæki, og lagt til að taka Ríkisútvarpið út af samkeppnismarkaði auglýsinga í tveimur skrefum.
2. Í tilefni af frumvarpinu vill Samkeppniseftirlitið vekja athygli á því að það hefur á fyrri tíð fjallað um mikilvægi þess að endurskoða löggjöf um Ríkisútvarpið vegna þeirrar samkeppnislegu mismununar sem hún hefur skapað á markaði fyrir birtingu auglýsinga og fyrir kostun.
3. Með álit nr. 4/2008, *Samkeppnishömlur sem stafa af stöðu og háttsemi Ríkisútvarpsins á markaði fyrir sölu auglýsinga í ljósvakamiðlum*, fjallaði Samkeppniseftirlitið m.a. ítarlega um þá samkeppnislegu mismunun sem leiddi af þátttöku Ríkisútvarpsins á markaði fyrir birtingu auglýsinga og fyrir kostun í frjálsri samkeppni við aðra aðila, jafnframt því að hafa tekjur af skattfé til að inna af hendi skilgreinda þjónustu í almannabágu.¹ Í álitinu kom fram að ef fullur samkeppnislegur jöfnuður ætti að nást á auglýsingamarkaðnum, þyrfti Ríkisútvarpið að hverfa af honum í núverandi mynd. Til vara var þeim tilmælum beint til stjórnvalda að dregið yrði verulega úr umsvifum Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði og settar yrðu skýrar reglur sem takmarka þá starfsemi þess.
4. Hefur þessum tilmælum verið fylgt eftir með umsögnum Samkeppniseftirlitsins til Alþingis og ráðuneytis á liðnum árum. Í þeim erindum hefur Samkeppniseftirlitið eftir því sem tilefni hefur þótt til reifað mál sem tekin hafa verið til skoðunar og varða málefni á fjölmiðlamarkaði á undanförunum árum, m.a. að því er varðar stöðu Ríkisútvarpsins á fjölmiðlamarkaði og samruna fjölmiðlafyrirtækja.² Þá veitti Samkeppniseftirlitið nefnd ráðherra um rekstrarumhverfi fjölmiðla upplýsingar um stöðu samkeppni á fjölmiðlamarkaði og yfirlit yfir verkefni eftirlitsins á þessu sviði, með bréfi dags. 20. mars 2017.

¹ Álit nr. 4/2008 er aðgengilegt hér: https://www.samkeppni.is/media/alit-2008/alit4_2008_samkeppnishomlur_sem_stafa_af_stodu_og_hattsemi_rikisutvarpsins_a_markadi_fyrir_solu_auglysinga_i_ljosvakamidlum.pdf.

² Sjá t.a.m. eldri umsagnir frá 2019: <https://www.samkeppni.is/media/almennar-myndir/umsogn.pdf>, 2020: <https://www.samkeppni.is/media/umsagnir-2020/Umsogn-SE-um-frumvarp-til-laga-um-fjolmidla-13-januar-2020.pdf> og 2021: <https://www.samkeppni.is/media/almennar-myndir/Umsogn-2-2021.pdf>.



5. Við endurskoðun á löggjöf er varðar Ríkisútvarpið og þátttöku þess á auglýsingamarkaði þarf að meta samkeppnisleg áhrif slíkra breytinga á samkeppni á fjölmiðlamarkaði, sem og áhrif breytinga á auglýsendur og aðstæður þeirra til að koma vöru sinni og þjónustu á framfæri. Einnig þarf að hafa í huga breytta neysluhegðun og örar tæknibreytingar sem leitt hafa til samdráttar í auglýsingasölu, ekki síst hjá hinum hefðbundnu einkareknu fjölmiðlum. Þá er brýnt að taka til skoðunar áhrif mögulegra breytinga á fjölræði og fjölbreytni í fjölmiðlun í skilningi fjölmiðlalaga.
6. Með hliðsjón af framangreindu ítrekar Samkeppniseftirlitið fyrri tilmæli um þátttaka Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði verði tekin til skoðunar.

Virðingarfyllst,

Samkeppniseftirlitið

Eftirfylgjandi er umsögn Símans 170. mál frá nefndasviði Alþingis, frumvarp til laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu

Síminn fagnar framkomnu frumvarpi um breytingar á lögum um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu. Frumvarpið er mikilvægur áfangi í þróun fjölmiðlaumhverfis landsins á tvennan máta. Í fyrsta lagi eru þarna lögð til skref til að minnka umsvif hins opinbera á samkeppnismarkaði hvað varðar auglýsingasölu og í öðru lagi munu þessar breytingar stuðla að mun betra Ríkisútvarpi öllum til heilla.

Strax árið 1996 skilaði starfshópur skipaður af ráðherra til að undirbúa ný útvarpslög þeirri niðurstöðu að eðlilegast væri að ríkisfjölmiðillinn hyrfi alfarið af auglýsingamarkaði. Hver einasti starfshópur sem skoðað hefur rekstur stofnunarinnar síðan hefur komist að sömu niðurstöðu, nú síðast árið 2018 þegar svokölluð Björgvinsnefnd skilaði þeirri niðurstöðu að „Ríkisútvarpið fari hið fyrsta af auglýsingamarkaði. Þar með verði horfið frá samkeppnisrekstri ríkisins í auglýsingasölu, bæði í sjónvarpi og útvarpi.“

Starfshópar og nefndir eru þó ekki ein um þessa skoðun. Samkeppniseftirlitið skrifaði álit um umsvif ríkisútvarpsins árið 2008 og sagði þar telja að „... þátttaka RÚV á auglýsingamarkaði í sjónvarpi sé veigamikil ástæða þess að ekki eru fleiri öflugar sjónvarpsstöðvar hér á landi...“ Í álitinu er þeim tilmælum beint til menntamálaráðherra að draga Ríkisútvarpið hið fyrsta af samkeppnismarkaði og að lágmarki takmarka verulega umsvif auglýsingasölu þar til svo megi verða. Ekkert gerðist og í umsögn Samkeppniseftirlitsins frá 2012 um frumvarp til laga um Ríkisútvarp segir enn:

„Samkeppniseftirlitinu hafa reglulega borist ábendingar um að félagið viðhafi enn háttsemi sem sé skaðleg samkeppni og nánar er útskýrð í framangreindu áli.“ Síðan þá hefur hlutdeild Ríkisútvarpsins í auglýsingatekjum á innlendum markaði haldið áfram að aukast. Nágrannalöndin hafa farið allt aðra leið og takmarka verulega eða jafnvel banna ríkismiðlum að sækja sér auglýsingatekjur ofan á hina beinu ríkisstyrki.

Í árslok 2019 skilaði Ríkisendurskoðun skýrslu um rekstur Ríkisútvarpsins þar sem m.a. er fjallað um lögbrot í auglýsingasölu. Segir orðrétt í skýrslunni að „Ríkisendurskoðandi bendir á að ekki sé valkvæmt að fara að lögum. Það er skylda RÚV ohf. að fara eftir þeim.“ Meira að segja fjölmiðlanefnd sem oft fer silkihönskum um systurstofnun sína, Ríkisútvarpið, hefur á síðustu fimm árum þurft að senda frá sér á annan tug álita eða ákvarðana um brotlega hegðun stofnunarinnar á samkeppnismarkaði.

Í hvert sinn sem stöðu ríkisútvarps á auglýsingamarkaði ber á góma er rætt hvernig eigi að bæta stofnuninni tekjumissinn en hann yrði um það bil 2,5 milljarðar árlega. Það eru um tvö prómill af ríkisútgjöldum og getur því varla verið grunnfyrirstaðan gegn því að sjálfstæðir miðlar fái að keppa í heilbrigðu umhverfi. Að mati undirritaðs er reyndar engin þörf á að hækka ríkisstuðning við stofnunina enda mætti hugsa sér að minnka samkeppnistekjurnar á fimm ára tímabili niður í ekki neitt. Þessi skoðun er studd af nokkrum staðreyndum:

- 1) Ríkisútvarpið hefur til fjölda ára búið við mun minni kröfur um hagræðingu en aðrir miðlar landsins og því er nægt svigrúm til að gera betur í rekstri. Skýrsla ríkisendurskoðunar frá nóvember 2019 sýnir þetta svart á hvítu.
- 2) Kostnaður stofnunarinnar við að sækja auglýsingatekjur er verulegur, líklega um 500 milljónir á ári þegar tekin eru saman laun og bónusar starfsmanna, umboðspóknar, áhorfsmælingar o.fl.
- 3) Stofnunin hefur stöðugt tekið sér aukið hlutverk. Þurfum við 2 sjónvarpsrásir, 3 útvarpsstöðvar, netspilara og fréttavef? Væri útgáfa dagblaðs kannski eðlileg næsta vöruþróun hjá ríkisfjölmiðli?
- 4) Nauðsynlegt er að endurskoða rekstur dýrasta dreifikerfis landsins sem er borið uppi af ríkinu. Kerfið er barn síns tíma og svo dýrt að keppinautar, þar með talið Síminn, sjá sér ekki lengur fært að dreifa efni sínu um það.

Markmið hins framlagða frumvarps er að styðja við öflugt umhverfi fjölmiðla á Íslandi. Því miður hafa þegar verið stigin þau óheillaskref að hefja ríkisstuðning við fréttamiðla í stað þess að taka hið opinbera af þeim markaði. Slíkt er að mati Símans soun á opinberum fjármunum enda ekkert sem segir að allir fjölmiðlar eigi rétt á að lifa á samkeppnismarkaði. Heilbrigður leikvöllur væri hugsaður þannig að vel reknir miðlar, sem fólk hefur áhuga á, eigi möguleika á að lifa á eigin verðleikum. Það er eitthvað rangt við það að ríkið setji sjálft sig í miðju atburðarásarinnar, tappi fyrst auglýsingafé af samkeppnismarkaðinum, en taki svo lítinn hluta þess fjár og skammti öllum miðlum fé sem uppfylla vissar opinberar kröfur, óháð rekstrargrundvelli viðkomandi miðils. Þess utan má óttast að lýðræðinu stafi hættu af því, að sjálfstæðir fjölmiðlar þurfi að segja sig til sveitar sem flestir hafa nú því miður gert.

Ánægjuleg afleiðing þess að hið opinbera fari af samkeppnismarkaði verður svo miklu betra ríkisútvarp. Ríkisútvarp þar sem dagskrárákvarðanir verða loks teknar af dagskrárstjóra en ekki auglýsingadeild. Ríkisútvarp sem leggur rækt við íslenska tungu, menningu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð í stað þess að gefa pizzur í beinum útsendingum frá verslunarklösum. Ríkisútvarp sem ekki slítur Krakkafréttir frá aðalfréttum vegna útdráttar í fjárhættuspilum. Þannig ríkisútvarp gæti orðið RUV allra landsmanna.

Kveðja/Regards

**Magnús
Ragnarsson**
Framkvæmdastjóri
sölusviðs / VP
Sales

Til Allsherjar- og menntamálanefndar,

Vísað er til umsagnarbeiðnar um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu (viðskiptaboð), 170. mál.

Með 2. gr. frumvarpsins er lagt til nýtt bráðabirgðaákvæði þar sem lagt er til að fyrst í stað verði Ríkisútvarpinu ohf. óheimilt að stunda beina sölu á auglýsingum, hlutfall auglýsinga megi ekki fara yfir fimm mínútur á hvern klukkutíma í útsendingartíma, óheimilt verði að slíta í sundur dagskrárliði með auglýsingum og að lokum er lagt til að kostun verði bönnuð, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Takmarkanir þessar verði á tímabilinu 1. janúar 2023 til og með 31. desember 2023. Samkeppnisrekstri Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði verði síðan hætt í byrjun árs 2024, sbr. 1. gr. frumvarpsins.

Þörf á að minnka fyrirferð RUV á markaði fyrir auglýsingar og kostun er enn brýnni nú en áður, enda eykst fyrirferð stofnunarinnar með ári hverju. Samkvæmt nýlegri könnun Hagstofu Íslands tekur RUV til sín 26% heildartekna íslenskra fjölmiðla, 31% af öllum notendagjöldum og 17% af öllum auglýsingum og kostunum. Sjá nánar: <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/midlun/tekjur-fjolmidla-2020/>

Sýn hf. styður frumvarpið því heils hugar og vísar í því sambandi til fyrri umsagna til Alþingis og Menntamálaráðuneytis þar sem félagið hefur ítrekað lagt til að Ríkisútvarpið (RUV) verði tekið af auglýsingamarkaði í heild eða hluta. Þær umsagnir eru meðfylgjandi.

Virðingarfyllst,
f.h. Sýnar hf.



Mennta- og menningarmálaráðuneytið

b.t. ráðherra

Sölvhólsgrata 4

101 Reykjavík

Reykjavík, 24. apríl 2020

Efni: Innleiðing reglna um einkarétt útgefenda fréttu til eintakagerðar

Í framhaldi af fréttum um innleiðingu reglna um einkarétt útgefenda fréttu til eintakagerðar af fréttum og skyldu mynddeiliveitna til að semja um afnot af fréttum og fréttatengdu efni telur Sýn (Vodafone) rétt að koma eftirfarandi á framfæri:

Samkvæmt fréttum af öðrum aðgerðarpakka stjórnvalda í tengslum við Covid-19 hefur ríkisstjórnin ákveðið að veita 350 millj. kr. til einkarekinna fjölmiðla. Þótt sú aðgerð sé virðingarverð telur félagið að með slíkum sértækum aðgerðum sé ekki ráðist að rót vandans. Vandinn felst í fyrirferð RÚV á auglýsingamarkaði. Í skýringum með ársreikningi RÚV vegna ársins 2019 kemur fram að auglýsingamarkaðurinn hafi verið að dragast saman og að óvissa ríki um frekari þróun. Fram kemur að tekjur RÚV af auglýsingum og kostun hafi numið 1.836 millj.kr. Aðrar tekjur af samkeppnisrekstri námu 336 millj. kr. og jukust um 50 millj. kr. milli ára.

Í kjölfar Covid 19 faraldursins hafa tekjur Vodafone af auglýsingum og kostunum dregist verulega saman. Hefur þetta veruleg áhrif á getu félagsins til að halda úti öflugri fréttastofu og stuðla þannig að fjölbreytni og fjölræði á fjölmiðlamarkaði. Ef fram fer sem horfir verður RÚV eina fréttastofa landsins þegar kemur að ljósvakamiðlum. Sértæk framlög úr ríkissjóði munu ekki skipta sköpum í því sambandi. Þess í stað verður að draga RÚV af auglýsingamarkaði og lagfæra þannig til lengri tíma gerð markaðarins í því skyni að gera rekstur fréttastofunnar lífvænlegan.





Önnur aðgerð sem gagnast getur einkareknum fjölmiðlaveitum er að innleiða í íslensk lög tilskipun ESB nr. 2019/790, um höfundarétt á stafrænum innra markaði, hér eftir nefnd tilskipunin. Samkvæmt henni verður mynddeiliveitum á borð við Google og Facebook gert að afla samþykkis rétthafa fyrir deilingu myndefnis, í þessu tilviki deilingu á fréttum og fréttatengdu efni. Jafnframt að rétthöfum verði heimilt að krefjast sanngjarns endurgjalds fyrir afnot af höfundaréttarvörðu efni sínu. Í Frakklandi hefur tilskipunin þegar verið innleidd og unnið er að innleiðingu hennar í öðrum Evrópuríkjum. Þá hafa hliðstæðar reglur verið settar utan ESB, til að mynda í Ástralíu.

Ljóst er að tilskipunin verður á einhverju stigi innleidd í EES samninginn. Íslensk stjórnvöld þurfa þó ekki að bíða eftir þeirri innleiðingu heldur geta þegar í stað hrundið af stað vinnu við að innleiða tilskipunina í íslensk lög. Er hér með skorað á mennta- og menningarmálaráðuneytið að hefjast handa við innleiðinguna og leggja þannig sitt lóð á vogarskálar til að sporna við strandhöggi erlendra mynddeiliveitna í auglýsingatekjur innlendra fjölmiðlaveitna. Mjög brýnt er að þessir aðilar geti ekki haldið áfram að hagnýta sér án endurgjalds höfundarétt íslenskra útgefenda fréttu og fréttatengds efnis.

Virðingarfyllst,

f.h. Sýnar hf.



Heiðar Guðjónsson, forstjóri



Nefndarsvið Alþingis
Alsherjar- og menntmálanefnd

Reykjavík, 10. janúar 2020

Efni: Frá nefndarsviði Alþingis - Þingskjal 645 — 458. mál.

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 17. desember 2019, en honum fylgdi frumvarp til laga um fjölmiðla (stuðningur við öflun og miðlun fréttu, fréttatengds efnis o.fl.), 458. mál. Óskað var eftir umsögn um frumvarpið sem skyldi berast ekki síðar en 10. janúar 2020. Hér að neðan fer umsögn Sýnar hf. um frumvarpið:

1. Almenn

Frumvarpið er nú lagt fram í lítilla breytttri mynd frá frumvarpinu birt var í samráðsgátt stjórnvalda snemma árs 2019. Með bréfi til mennta- og menningarmálaráðuneytis, dags. 15. febrúar 2019, veitti Sýn umsögn sína um það frumvarp. Helstu breytingar í frumvarpi því sem nú er í þinglegri meðferð lúta að heildarjárframlagi til styrkveitinga, sem nú er kr. 400 millj. í stað 500 millj. Þá er endurgreiðsluhlutfall skv. frumvarpinu nú 18%. Að öðru leyti er megin efni frumvarpsins það sama og áður. Af þeim sökum er alfarið vísað til umsagnarinnar frá 15. febrúar 2019, sem gildir að breyttu breytanda, og er fylgiskjal með bréfi þessu. Samandregið voru helstu athugasemdir og tillögur Sýnar á fyrri stigum:

1. Hámark styrkuppþæðar verði afnumið EÐA sett hámark fyrir hvern miðil sem fjölmiðlaveita rekur.
2. Starfsheitunum fréttapróduðsent, klippari, þýðandi og grafíker verði bætt við endurgreiðsluhæf starfsheiti.
3. Hafist verði handa við að skoða aðrar leiðir til að bæta rekstrarumhverfi fjölmiðla, þar á meðal með því að takmarka verulega umsvif RÚV á auglýsingamarkaði með það að markmiði að RÚV hætti að afla sér fé með auglýsingum.
4. Tekið verði upp sambærilegt endurgreiðslu- eða styrkjakerfi vegna þýðinga- og talsetningakostnaðar.

2. Nánar um hvernig unnt verði að takmarka umsvif RÚV á auglýsingamarkaði

Sýn telur mikilvægt að samhliða samþykkt frumvarpsins verði hafist handa við að takmarka umsvif RÚV á auglýsingamarkaði í áföngum. Fyrsta skref gæti verið að setja hámark á þær auglýsingatekjur sem RÚV verði heimilt að afla. Skv. gildandi fyrirkomulagi nema þær um 2 ma. kr. á ári.

Leggur Sýn til að tekjur RÚV af auglýsingum verði bundar við hámark sem nemur um 20%-25% af tekjum stofnunarinnar af nefnskatti. Miðað við núverandi tekjur RÚV gæti þessi hámarks upphæð numið um 1 ma.kr. á ári (miðað við 4,7 ma.kr. í tekjur af nefnskatti). Fari





auglýsingatekjur yfir þá upphæð myndi nefskattur lækka sem þeirri upphæð nemur. Þannig væri RÚV með traustar og stöðugar tekjur til rekstrarins og þyrfti ekki að beita aflsmunum í samkeppni við einkarekna miðla.

Telur Sýn að þrátt fyrir slíka skerðingu á tekjuöflunarmöguleikum þá muni rekstarafkoma RÚV ekki skerðast í sömu hlutföllum. Ræðst þetta af því að samhliða væri unnt að draga verulega úr starfsemi eða leggja niður hina fjölmennu og ágengu auglýsingadeild, sem nú er starfrækt á RÚV. Sala RÚV á auglýsingum upp að 1 ma. kr. hámarkinu færi einkum fram á netinu á grundvelli opinberrar og gagnsærrar verðskrár og með lágmarks umsýslukostnaði. Kostnaður við rekstur auglýsingadeildar myndi lækka á lágmarki um 80%.

Staða RÚV mun að líkindum styrkjast þegar ákvarðanir um dagskrá miðast ekki við áhorfsmælingar og auglýsingatekjur heldur efnistök og gæði. Þá yrði það RÚV hagfelld að tekjur hvers árs væru traustar og fyrirséðar í stað þess að sveiflast eftir árangri í auglýsingasölu.

Að öðru leyti vísast til fyrri umsagnar hvað varðar afstöðu Sýnar til frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
f.h. Sýnar hf.



Páll Ágrímsson, lögmaður

Meðfylgjandi: Fyrri umsögn Sýnar, dags. 15. febrúar 2019





Mennta og menningarmálaráðuneytið

Sölvhólsgrötu 4

101 Reykjavík

Reykjavík, 15. febrúar 2019

Athugasemdir Sýnar hf við drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011 (stuðningur við öflun og miðlun fréttar, fréttatengds efnis o.fl.)

Sýn hf, kt. 4709051740, rekur fjölþætta fjölmiðlastarfsemi sem innifelur Stöð 2, Stöð 2 sport, Vísi, Bylgjuna, FM957 og X977 og fleiri sjónvarps- og útvarpsstöðvar. Fréttastofa Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar starfar sem ein ritstjórn sem miðlar fréttum inn á Stöð 2, Vísi og Bylgjuna. Fluttar eru fréttir 365 daga ársins í opinni dagskrá fyrir alla landsmenn. Reglur Sýnar um ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttastofunnar eru birtar á vef fjölmiðlanefndar ásamt ritstjórnarstefnu fréttastofunnar. Þá fer fram á vegum Sýnar fjölbreytt dagskrárgerð í útvarpi og sjónvarpi, þar á meðal fjöldi þátta sem fjalla um fréttir og samfélagsmál á breiðum grunni.

Umfjöllun

Sýn fagnar drögum að frumvarpi mennta- og menningarmálaráðherra um stuðning við öflun og miðlun fréttar og fréttatengds efnis. Þau eru mikilvæg vísbending um vilja stjórnvalda til að koma til móts við versnandi rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla, sem fjallað er um í skýrslu nefndar um bætt rekstrarumhverfi fjölmiðla frá janúar, 2018. Með frumvarpsdrögunum er gert ráð fyrir stuðningskerfi við einkarekna miðla sem líkist því stuðningskerfi sem kvikmyndaframleiðsla á Íslandi nýtur.

Í kynningu með frumvarpsdrögunum segir að þau séu í samræmi við „það meginmarkmið stjórnvalda á sviði fjölmiðlunar að viðhalda og efla lýðræðislega umræðu og lýðræðisþátttöku fólks með því að efla miðlalæsi, stuðla að fjölbreytni, gagnsæi og fjölræði í fjölmiðlum.“ Í greinargerð með drögunum segir meðal annars að „styrkveitingar skuli vera til þess fallnar að styðja við sterkar ritstjórnir með slagkraft til metnaðarfullra verkefna en ekki síður við fjölbreytta flóru smærri miðla.“

Einkareknir fjölmiðlar á Íslandi starfa á markaði þar sem auglýsingafé hverfur í auknum mæli úr landi og risastórar erlendar efnisveitur keppa við þær innlendu um áskrifendur. Mótvægi við þá þróun eru íslenskir miðlar sem leggja áherslu á innlent dagskrárefni og fréttapjónustu, hvort sem er á vefnum eða í ljósvaka.

Á sama tíma er ósennilegt annað en að falsfréttir verði sú ógn á Íslandi sem þær hafa reynst í Evrópu og Norður-Ameríku. Falsfréttir hafa meðal annars haft áhrif á kosningabaráttu og þjóðaratkvæðagreiðslur, þar á meðal í gegnum fréttaveitur samfélagsmiðla. Helsta vörnin gegn óvönduðum eða beinlínis fölsuðum fréttaflutningi eru vandaðir fjölmiðlar með sterkar ritstjórnir sem haga starfi sínu í samræmi við siðareglur og ábyrga ritstjórnarstefnu. Það á við hér á landi eins og annars staðar.



Samkvæmt frumvarpsdrögunum er gert ráð fyrir styrkjum í formi endurgreiðslu á allt að 25% af beinum launakostnaði blaða- og fréttamanna, ritstjóra og aðstoðarritstjóra, myndatökumanna, ljósmyndara og prófarkalesara auk verktakagreiðslna fyrir sömu störf, þó ekki hærri en 50 milljónir króna til hvers umsækjanda. Sýn gerir athugasemd við þessi ákvæði.

Í fyrsta lagi er ákvæði um hámark styrks til þess fallið að mismuna fjölmiðlum eftir fjölda starfsmanna í þessum tilteknu störfum. Ákvæðið vinnur gegn því markmiði væntanlegs frumvarps að styðja við sterkar ritstjórnir með slagkraft til metnaðarfullra verkefna.

Í öðru lagi er í ákvæði um hámarksupphæð til hvers umsækjanda innbyggður hvati til þess fyrirkomulags að hafa ritstjórnir litlar og að sinna einum eða fáum miðlum. Það vinnur gegn því fyrirkomulagi að ein burðarmikil ritstjórn vinni fyrir fleiri miðla í eigu eins fyrirtækis. Þetta ákvæði gengur þannig gegn markmiðinu um ritstjórnir með slagkraft.

Í þriðja lagi tekur upptalning stöðuheita ekki mið af þeirri staðreynd að aðrir starfsmenn, svo sem pródúsentar, klipparar, þýðendur og grafíkerar eru engu síður mikilvægir í fréttavinnslu í ljósvakamiðlum en þeir starfsmenn sem taldir eru upp.

Umfram viðfangsefni þessara frumvarpsdraga vill Sýn benda á mikilvægi þess fyrir fjölmiðlaumhverfið að takmarka RÚV á auglýsingamarkaði með það að markmiði að RÚV muni á endanum ekki afla sér fé með auglýsingum. Líkt og fram kemur í skýrslunni um rekstrarumhverfi fjölmiðla þá var RÚV með 44% birtingarfjár í ljósvaka á Íslandi árið 2016. Ekki þarf mikið ímyndunarafi til að sjá hversu mikilli skekkju það veldur í samkeppninni í útvarpi og sjónvarpi þegar opinber aðili með milljarða forskot í formi gjalda á almenning er með tæpan helming auglýsingatekna líka.

Yfirburðastaða RÚV á ljósvakamarkaði skekkir líka samkeppnisstöðu einkarekinna miðla þegar kemur að samkeppni um dagskrárefni, bæði innlent og erlent. Á efniskaupamarkaði keppa miðlar eins og Stöð 2 nú þegar við risastórar alþjóðlegar efnisveitur og aðra innlenda einkaaðila. Það er eðlileg og sjálfsögð samkeppni. Samkeppni við opinber fyrirtæki, sem hefur ekki bara gífurlegt forskot í formi skatttekna heldur virðist hafa álíka dagskrárstefnu og einkamiðlarnir og beitir sér af alefli á auglýsingamarkaði, er allt annars eðlis.

Ríkisútvarp sem er ekki á auglýsingamarkaði og keppir ekki við einkaaðila í efniskaupum getur gegnt þjóðfélagslega mikilvægu hlutverki án þess að skekkja ljósvakamarkaðinn með fyrirferð sinni og forskoti. Með þeim frumvarpsdrögum sem hér eru til umfjöllunar er stigið ánægjulegt skref til fyrirkomulags sem gildir annars staðar á Norðurlöndum. Hægt er að taka stærra skref með breytingum á lögum um RÚV í þá átt sem hér er lýst.

Öll íslensk fyrirtæki hafa á undanförunum árum þurft að leggja út í mikla hagræðingu til að mæta auknum kostnaði og í fjölmiðlageiranum oft á tíðum minni tekjum. Ekki er óeðlilegt að RÚV þurfi einnig að vinna í sínum rekstri til dæmis til að mæta minni auglýsingatekjum í framtíðinni.



Sýn vill einnig benda á hlutverk sterkra innlendra fjölmiðla þegar kemur að íslenskri tungu og menningu. Erlendar efnisveitur sem starfa á íslenskum markaði bjóða ekki uppá íslenskt efni og einungis upp á lítinn hluta af efni með íslenskum texta. Kostnaður innlendra aðila við talsetningar og textun hleypur á hundruðum milljóna og telur Sýn að það myndi styðja enn frekar við markmið frumvarpsins að taka upp sambærilegt endurgreiðslu kerfi vegna þýðinga- og talsetningakostnaðar.

Einnig er hægt að styðja fjölmiðla með ýmsum öðrum hætti, svo sem með niðurfellingu tryggingagjalds, lækkun virðisaukaskatts á áskriftum, styrkjum eða endurgreiðslu á þýðingum og talsetningum, heimilun áfengis- og tóbaksauglýsinga og ýmsum aðgerðum sem skýrslan um rekstrarumhverfi fjölmiðla rakti.

Sú leið sem valin er í frumvarpsdrögunum er tiltölulega einföld og skilvirk og á sér fordæmi í endurgreiðslukerfi í kvikmyndaiðnaði. Hún er hins vegar ekki gallalaus. Í núverandi mynd sýnir hún samkeppnisumhverfi fjölmiðla með mismunun milli miðla eftir starfsmannafjölda, tekur ekki að fullu tillit til starfsheita á ljósvakamiðlum og tekur ekki á hinum miklu umsvifum RÚV á ljósvakamarkaði. Mikilvægt er að lagfæra þessa galla á frumvarpsdrögunum og skoða aðrar almennari leiðir til að bæta rekstrar- og samkeppnisumhverfi fjölmiðla.

Tillögur Sýnar

1. Hámark styrkuppþæðar verði afnumið EÐA sett hámark fyrir hvern miðil sem fjölmiðlaveita rekur.
2. Starfsheitunum fréttapróduðsent, klippari, þýðandi og grafiker verði bætt við endurgreiðsluhæf starfsheiti.
3. Hafist verði handa við að skoða aðrar leiðir til að bæta rekstrarumhverfi fjölmiðla, þar á meðal með því að takmarka verulega umsvif RÚV á auglýsingamarkaði með það að markmiði að RÚV hætti að afla sér fé með auglýsingum.
4. Tekið verði upp sambærilegt endurgreiðslu eða styrkjakerfi vegna þýðinga- og talsetningakostnaðar.



Að lokum vill Sýn ítreka þá almennu afstöðu sína að frumvarpsdrögin séu framfaraskref og lýsir sig reiðubúið til samvinnu við ráðherra og Alþingi við framhald málsins.

Virðingarfyllst,

F.h. Sýnar hf.

Stefán Sigurðsson, forstjóri

152. löggjafarþing 2021 – 2022.

Þingskjal 172 – 170. mál.

Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 12/2013 um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu.

Móttakandi: Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Sendandi: Torg ehf., útgáfufélag

Samkvæmt tölvupósti frá nefndarsviði Alþingis sendir Torg ehf. eftirfarandi athugasemdir við ofangreint frumvarp.

1. Gert er ráð fyrir að lagabreytingin taki gildi 1. janúar 2024
Einkareknir íslenskir fjölmiðlar hafa um langt árabil bent á það ójafnræði sem ríkir á auglýsingamarkaði hérlandis, fylgifisks samkeppnisrekstrar Ríkisútvarpsins ohf. (RÚV) en stofnunin hefur komist upp með það um árabil að aðgreina ekki nægjanlega þann hluta rekstrarins frá almannabjónustu, svo sem lög gera ráð fyrir. Í greinargerð sem fylgir frumvarpinu kemur fram að tekjur RÚV hafi numið 1.946 milljónum króna á árinu 2020. Vart er að búast við tekjur RÚV verði minni árin 2022 og 2023, eða fram að gildistöku laganna. Gera má því ráð fyrir að u.þ.b. 4 milljarða króna auglýsingatekjur renni til RÚV fram að gildistökunni.
Benda má á að RÚV þurfi tíma til að bregðast við breytingu í tekjuhlið stofnunarinnar en frumvarpið gerir ráð fyrir tveimur árum til þess. Á síkvikum markaði hafa einkareknir fjölmiðlar þurft að laga sig að gerbreyttu rekstrarumhverfi eins og hendi sé veifað. Nægir þar að vísa til áhrifa heimsfaraldurs kórónuveiru sem setti tekjuöflun þeirra í uppnám á einni nóttu í ársbyrjun 2020 og grípa varð til ráðstafana í rekstri þeirra samhliða.
Að ætla RÚV svo rúman tíma er því ofrausn. Lagt er til að miðað verði við mun styttra aðlögunartímabil.
2. Á sama hátt er bent á að gert er ráð fyrir að 2. gr. frumvarpsins gildi til bráðabirgða frá 1. janúar 2023 fram til gildistöku laganna. Með því að færa gildistökuna fram eins og segir í lið 1. hér að ofan er ákvæði 2. gr. óþarft.
3. Í 1. gr. er fjallað um sýndarauglýsingar og að þær teljist ekki til viðskiptaboða. Bent er á að orðalagið er almennt og ekki með öllu ljóst til hvers konar auglýsinga er vísað og frá hverjum.
4. Sama gildir um vefútsendingar sem fyrir koma neðar í texta ákvæðisins.
5. Vakin er athygli á því að almennt hefur RÚV fært sig upp á skaftið í auglýsingasölu á undanförunum árum og orðið óvægnara í söluaðferðum sínum en löngum áður. En þar hefur stofnunin notið yfirburða stöðu sinnar á fjölmiðlamarkaði. Þessa hefur einnig gætt í alls kyns kostuðu efni hvort sem það hefur verið tekið fram eða ekki svo greinilegt sé og má því heita að RÚV hafi í síauknum mæli leitað sér aukatekna á þessum markaði af öllum sínum ríkisverndaða mætti. Hefur þetta gengið svo langt á

undanförnum misserum að sjálft ríkissjónvarp yfirbýður auglýsingasölufólk á markaðnum til að freista þess að fá stærri sneið af auglýsingafé fyrirtæka, félag og stofnana.

Fulltrúi Torgs ehf. er reiðubúinn að koma fyrir nefndina til að útskýra ofangreint eða rökstyðja frekar ef talin er þörf á því.

Virðingarfyllst,


Sigmundur Ernir Rúnarsson, aðalritstjóri


Jón Þórisson, forstjóri

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 15. febrúar 2022

Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu nr. 23/2013 (170. mál)

Viðskiptaráð hefur tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu. Ráðið hefur lengi látið sig rekstrarumhverfi fjölmiðla varða og þá sérstaklega hvernig stjórnvöld hafa skekkt samkeppnisstöðu á markaðnum með rekstri eigin miðla. Frumvarpið er því skref í rétta átt fyrir stjórnvöld til að endurmeta aðkomu sína að fjölmiðlamarkaði. Frjáls fjölmiðlun hefur alla tíð staðið höllum fæti gagnvart Ríkisútvarpinu, bæði vegna skylduáskriftar að því og fyrirferð ríkismiðlanna á auglýsingamarkaði.

Markmið frumvarpsins er að jafna samkeppnisstöðu einkarekinna fjölmiðla gagnvart ríkisreknu fjölmiðlafyrirtæki með því að taka Ríkisútvarpið af auglýsingamarkaði í tveimur skrefum. Viðskiptaráð styður þessa fyrirætlan heilshugar. Að mati ráðsins verður samkeppnisumhverfið í kjölfarið heilbrigðara og jafnara og auknar líkur standa til virkrar samkeppni. Í kjölfarið skapast Ríkisútvarpinu svigrúm til að sinna jafnvel betur menningarhlutverki sínu sem kveðið er á um í lögnum, án þess að þurfa að haga dagskráráherslum sínum þannig að þær laði að sér auglýsingar.

Vandi frjálsra fjölmiðla á Íslandi er mikill og aðkallandi. Þar snýst samkeppnin ekki eingöngu um auglýsingamarkað heldur almennt þá forgjöf sem Ríkisútvarpið hefur í krafti yfirburðastöðu sem ríkisvaldið veitir með því að tryggja því aðgang að almannafé með útvarpsgjaldinu. Íslenskir einkareknir miðlar eru ekki eingöngu í samkeppni við Ríkisútvarpið, heldur einnig við alþjóðlegar efnisveitur og sú samkeppni fer vaxandi. Eigi íslenskir framleiðendur dagskrárefnis að eiga kost á því til framtíðar að eiga aðra viðsemjendur en Ríkisútvarpið, og íslenskir neytendur val um fleiri valkosti, þarf því að skoða fleiri hliðar á samkeppnisumhverfi íslenskra fjölmiðla en það sem snýr að auglýsingamarkaði, þó það sé vissulega skref í rétta átt.

Viðskiptaráð hvetur til þess að frumvarpið nái fram að ganga.



Jón Birgir Elírksson
Sérfræðingur á lögfræðisviði Viðskiptaráðs Íslands